

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku.

RAFORKUGJÖLD.

A. Almennir taxtar.

- A. 1 Verð á rafmagni til allrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:
- | | | |
|------------------|----------|--------|
| Orkugjald | 4,90 | kr/kWh |
| Fast gjald | 1 650,00 | kr/ár |
- A. 2 Verð á rafmagni til notkunar við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum:
- | | | |
|------------------|----------|--------|
| Orkugjald | 6,40 | kr/kWh |
| Fast gjald | 3 950,00 | kr/ár |

B. Aftaxtar.

- B. 1 Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar:
- | | | |
|-----------------|----------|----------|
| Orkugjald | 1,77 | kr/kWh |
| Aflgjald | 6 650,00 | kr/kW ár |
- Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna afl, enda sé lágmarksafl 30 kW. Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni. Í vissum tilvikum er einnig heimilt, með sérstöku samþykki rafveitunnar, að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni.
- Orkugjald miðast við að meðalvasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé eigi lægri en 0,85. Falli meðalvasviksstuðull niður fyrir þetta gildi skal orkugjald umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundradshlutastig eða meirihluta úr stigi sem meðalvasviksstuðull mánaðarins er lægri en 0,85.
- B. 2 Verð á rafmagni og viðhaldi úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli:
- | | | |
|---------------------|-----------|----------|
| Aflgjald | 7 800,00 | kr/kW ár |
| Viðhaldsgjald | 13 200,00 | kr/kW ár |
| Gjald samtals | 21 000,00 | kr/kW ár |
- Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.

C. Hitun.

- | | | |
|-------------------------------------|----------|-----------|
| C. 1 Órofin húshitun | 3,92 | kr/kWh |
| C. 2 Daghitun, húshitun rofin | 1,67 | kr/kWh |
| C. 3 Næturhitun, húshitun | 0,90 | kr/kWh |
| Fast gjald á C. 1 | 5 400,00 | kr/pr. ár |
| Fast gjald á C. 2 og C. 3 | 5 000,00 | kr/pr. ár |

D. Mælaleiga.

Rafveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja, sem notuð eru við sölu rafmagns.

Fyrirtæki þau, sem notuð eru við rafmagnssölu, skal greiða eftirfarandi:

- | | | |
|---|----------|-----------|
| D. 1 Af einfasa mælum | 360,00 | kr/pr. ár |
| D. 2 Af þrífasa mælum upp að 50A | 1 440,00 | kr/pr. ár |
| D. 3 Af þrífasa mælum 50A og ofar | 2 160,00 | kr/pr. ár |
| D. 4 Af álagsstýringarliðum | 2 160,00 | kr/pr. ár |
| D. 5 Af aflmælum | 3 600,00 | kr/pr. ár |

Mælaleiga reiknast ekki af A. 1, A. 2, C. 1, C. 2 og C. 3. Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun rafveitunnar. Leiga skal greidd samtímis raforkugjaldi.

E. Heimtaugargjald.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi rafveitunnar.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur:	Heimtaugargjöld
63A 1-fasa	kr. 30 000,00
63A 3-fasa	kr. 32 700,00
100A 3-fasa	kr. 52 500,00
200A 3-fasa	kr. 103 000,00
300A 3-fasa	kr. 153 000,00
400A 3-fasa	kr. 203 000,00
600A 3-fasa	kr. 308 000,00
900A 3-fasa	kr. 464 000,00
1200A 3-fasa	kr. 620 000,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur:	
63A 1-fasa	kr. 7 300,00
63A 3-fasa	kr. 8 200,00
100A 3-fasa	kr. 10 900,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útítengiskáp eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa í húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu skal greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Ýmis ákvæði.

1. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar skal greiða gjald kr. 1 700,00.

2. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða 1 600,00 kr. gjald fyrir að settur sé straumur á að nýju.

3. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt c-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi rafveitunnar.

4. gr.

Söluskattur 25% er innifalinn í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema í c-liðum, húshitun og viðhaldsgjaldi götulýsingar.

5. gr.

Hitaveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Suðurnesja og sett samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. apríl 1988 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 516, 25. nóvember 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 21. mars 1988.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Seyðisfjarðar, nr. 536,
frá 4. desember 1987.**

1. málsg. 3. greinar orðist svo:

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt orkumæli	kr. 1,34
fyrir hverja kílóvattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli	kr. 15,20
fyrir hvern rúmmetra vatns.	

Aðrar málsgreinar 3. gr. haldast óbreyttar.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af stjórn Hitaveitu Seyðisfjarðar, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 15. mars 1988.

F.h.r.

Páll Flygenring

Guðrún Skúladóttir.